

40. tbl. 19.

9. nóv. 2022

29 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Haustgleði Þingeyjarskóla

Haustgleði grunnskóla- og tónlistardeildar Þingeyjarskóla verður haldin að Ýdölum **föstudaginn**

11. nóvember og hefst klukkan 20:00.

Sett verður upp leikritið Hafið bláa eftir þau Kristlaugu Maríu Sigurðardóttur og Þorvald Bjarna Þorvaldsson.

Miðaverð 1500 krónur fyrir fullorðna og 500 krónur fyrir börn á skólaaldri.

Frítt fyrir börn á leikskólaaldri og grunnskólanemendur Þingeyjarsveitar.

ATH.! Ekki er hægt að greiða með korti.

Sjoppa á staðnum.

Allir hjartanlega velkomnir.

Nemendur og starfsfólk Þingeyjarskóla



Icelandic for foreigners - Online

Icelandic 1 - 40 hours

Mondays and Wednesdays 17:15 - 19:15

Sign up at: hilmar@hac.is

Price: 45.000 kr.

First class Wednesday, November 23

We are looking forward to seeing you!

If you are a member of Framsýn labour union it might cover up to 90% of the cost. Please check with Framsýn office. Application for refund must go through Framsýn



-Kjötsúpugleði Skógum, Fnjóskadal

Kæru sveitungar og aðrir velunnarar Gamla barnaskólans. Fyrirhugaðar eru viðgerðir á forstofu Gamla barnaskólans.

Nú langar okkur að bjóða upp á kjötsúpu og, eða súkkulaðitertusneið til fjáröflunar fyrir framkvæmdir. *laugardaginn 12. nóvember frá klukk-*

an 12.00 – 17.00.

kjötsúpa með ábót 3000 krónur (börn 14 ára og yngri 1500 krónur)
kjötsúpa og tertusneið 3000 krónur (börn 14 ára og yngri 1500 krónur)
súkkulaðitertusneið og 2 kleinur 2000 krónur (börn 1000 krónur)

Hlökkum til að sjá ykkur, ps enginn posi á staðnum. 6Frjáls framlög eru einng vel þegin, styrktarreikningur Gamla barnaskólans er 1110-15-200806. Kennitala 530505 0650

Verið hjartanlega velkomin,

stjórn Gamla barnaskólans og Bergljót Skógum




Messa á Einarasstöðum

Almenn guðspjónusta verður á Einarasstöðum næstkomandi
sunnudag, 13. nóvember kl. 11:00.
Ný sámbók verður tekin í notkun.

Verið öll velkomin.

Séra Þorgrímur.



Messa í Nesi

Almenn guðspjónusta verður í Nesi næstkomandi
sunnudag, 13. nóvember kl. 14:00.

Verið öll velkomin.

Séra Þorgrímur.



Fundargerð

9. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í Ýdölum, fimmtudaginn 20. október 2022, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Gerður Sigtryggisdóttir, Knútur Emil Jónasson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Eyþór Kári Ingólfsson, Arnór Benónýsson, Anna Bragadóttir, Haraldur Bóasson og Jón Hrói Finnsson.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, sveitarstjóri.

Helgi Héðinsson (K), Eygló Sófusdóttir (E) og Halldór Þorlákur Sigurðsson (E) boðuðu forföll. Arnór Benónýsson (K), Anna Bragadóttir (E) og Haraldur Bóasson (E) sátu fundinn í þeirra stað.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar 2023-2026 - 2208046

Lögð fram drög að minnisblaði um forsendur fjárhagsáætlunar 2023-2026.

Til máls tóku: Knútur, Jón Hrói, Gerður, Arnór, Jóna Björg og Haraldur.

Sveitarstjóri sagði frá því að búið sé að færa áætlun ársins 2022 í áætlunarlíkan KPMG. Óskað hefur verið eftir upplýsingum frá forstöðumönnum um fyrirsjáanlegar breytingar í rekstri og framkvæmdir og eru þær farnar að berast. Ákveðið var að halda vinnufund um forsendur fjárhagsáætlunar mánudaginn 24. október kl. 13:30 og annan vinnufund með fjármálaráðgjafa miðvikudaginn 26. október kl. 9.

Lagt fram

2. Hólsvirkjun; skipting á leigugreiðslum - 2103040

Lagt fram erindi frá Þórunni Jónsdóttur þar sem óskað er eftir staðfestingu sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar á samkomulagi um skiptingu leigugreiðslna fyrir vatnsréttindi og landnot vegna Hólsvirkjunar. Samkomulagið er á milli þinglýstra eigenda tilgreindra jarða um skiptingu leigugreiðslna sem kveðið er á um í samningi um Hólsvirkjun, dags. 9.11.2012 og byggist á matsgerð Jóns Jónssonar, lögmanns sbr. fylgiskjöl málsins. Sveitarfélagið er aðili málsins sem þinglýstur eigandi að helmingi jarðarinnar Austari-Króka, sem er ein þeirra jarða sem eiga rétt á leigutekjum vegna virkjunarinnar.

Málið var áður á dagskrá á 296. fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þann 25.3.2021. Enginn tók til máls.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi samkomulag fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að skrifa undir samkomulagið fyrir sína hönd.

Samþykkt

3. Markaðsstofa Norðurlands - stuðningur við Flugklasann Air66N - 2210005

Í erindi frá 30. september 2022 óskar Hjalti Páll Þórarinsson, verkefnisstjóri Flugklasans Air 66N eftir framlagi til að standa straum af kostnaði við áframhaldandi uppbyggingu á heilsársáfangastað fyrir millilandaflug. Óskað er eftir aðkomu sveitarfélagsins með framlagi sem nemi 300 kr. á hvern íbúa næstu þrjú ár. Framlagið yrði þá 405.000 á ári miðað 1.350 íbúa.

Til máls tóku: Knútur og Jón Hrói

Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til vinnu við fjárhagsáætlun ársins 2023-2026. Frestað

4. Ósk um rekstrarstyrk til Kvennaathvarfs - 2210013

Í tölvupósti frá 6. október 2022 óskar Linda Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastýra eftir styrk til reksturs Kvennaathvarfs árið 2023 að fjárhæð kr. 200.000,-.

Til máls tóku: Knútur, Jóna Björg, Ragnhildur og Gerður.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til vinnu við fjárhagsáætlun ársins 2023-2026. Frestað

5. Tröllasteinn ehf - Aðalfundarboð 2021 - 2210006

Lagt fram boð á aðalfund Tröllasteins ehf. sem haldinn verður að Narfastöðum í Reykjadal föstudaginn 21. október 2022 kl. 14:00, ásamt ársreikningi félagsins.

Til máls tóku: Jóna Björg, Arnór, Knútur og Haraldur.

Sveitarstjórn tilnefnir Harald Bóasson og Erling Teitsson sem fulltrúa Þingeyjarsveitar í stjórn félagsins. Samþykkt samhljóða að Haraldur Bóasson fari með umboð sveitarfélagsins á aðalfundi Tröllasteins ehf. Samþykkt

6. Kröfugerð vegna ágalla á ferli við ráðningu skólastjóra við Stórutjarnaskóla - 2106044

Fært í trúnaðarbók.

7. Úttekt HMS á Slökkviliði Þingeyjarsveitar - 2210007

Lögð fram skýrsla Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem kom út nýlega, ásamt bréfi stofnunarinnar til sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar dagsett 27. ágúst 2021 þar sem kynntar eru niðurstöður úttektar á Brunavörnum Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar sem gerð var þann 16. ágúst 2021 og óskað eftir að sveitarstjórn skili áætlun um úrbætur.

Til máls tóku: Knútur, Árni Pétur, Gerður og Arnór

Sveitarstjórn óskar eftir að slökkviliðsstjóri geri grein fyrir stöðunni varðandi þau atriði sem gerðar eru athugasemdir við í bréfi HMS og tillögu að áætlun um úrbætur og kostnað. Samþykkt

8. Félagsstarf eldri borgara 2022-2023 - 2210021

Tekið a dagskrá að beiðni fulltrúa K-lista.

Sveitarstjóri fer yfir stöðu mála varðandi mönnun og skipulagningu félagsstarfs eldri borgara í sameinuðu sveitarfélagi.

Til máls tóku: Jón Hrói, Ragnhildur, Jóna Björg, Gerður, Knútur, Eyþór og Arnór.

Jón Hrói fór yfir stöðu mála. Ráðnir hafa verið þrír starfsmenn til að halda utan um félagsstarfið og stefnt er að því að það hefjist að fullu um næstu mánaðarmót.

Sveitarstjórn óskar eftir að sveitarstjóri kanni möguleika á akstri fyrir eldri borgara í félagsstarfið og meti kostnað við hann í tengslum við fjárhagsáætlunargerð. Samþykkt

9. Hjólaskýli við Reykjahlíðarskóla - 2209051

Lögð fram tillaga starfanda skólastjóra Reykjahlíðarskóla og verkefnisstjóra framkvæmda um að reisa hjólaskýli við Reykjahlíðarskóla.

Til máls tóku: Anna

Sveitarstjórn leggur til að athugað verði hvort finna megi skýlinu stað þannig að það nýtist bæði notendum ÍMS og skólanum og vísar erindinu til vinnu við fjárhagsáætlun

næsta árs. Frestað

10. Kvörtun til Umboðsmanns alþingis vegna stækkunar Vatnajökulsþjóðgarðs - 2210016

Lögð fram til kynningar kvörtun Eyjafjarðardeildar Ferðaklúbbsins 4x4 til umboðsmanns Alþingis vegna setningar reglugerðar nr. 1135/2021, sem fól í sér stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs í hluta af þjóðlendum í Þingeyjarsveit. Lagt fram

11. Hleðslustöðvaverkefni - 2209015

Árið 2020 sótti Skútustaðahreppur um styrk til Orkusjóðs fyrir innviðastyrk fyrir vistvæn ökutæki við opinbera staði. Verkefnið heitir "Þingeyska hleðslan" og var samstarfsverkefni Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Orkusjóður veitti styrk upp á 4 m.kr. gegn 4. m.kr. mótframlagi sveitarfélaganna.

Lagt fram minnisblað verkefnisstjóra framkvæmda sem lýsir útfærslu verkefnisins þar sem gert er ráð fyrir að settar verði upp níu hleðslustöðvar og að heildarkostnaður verði um 8,3 m.kr.

Lagt er til að verkefnið verði fjármagnað af liðnum "Aðrar framkvæmdir" í fjárfestingaráætlun.

Til máls tóku: Haraldur, Jón Hrói, Knútur, Jóna Björg, Gerður og Árni Pétur.

Sveitarstjórn samþykkir verkefnið og tillögu að fjármögnun. Sveitarstjórn óskar eftir að möguleikar á uppsetningu á hraðhleðslustöðvum við fjölfarna staði í sveitarfélaginu og styrkjum til slíkra verkefna verði kannaðir.

Samþykkt

12. Birkilauf ehf - Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi - 2210015

Í tölvupósti frá 6.10.2022 óskar Jóna Matthíasdóttir, fyrir hönd Sýslumannsins á Norðurlandi eystra eftir umsögn sveitarstjórnar um umsókn um rekstrarleyfi gistingar í flokki 2 tegund H í Birkilandi 15, 660 Mývatn.

Ragnhildur vakti athygli á mögulegu vanhæfi sínu. Sveitarstjórn greiddi atkvæði um hæfi hennar. Hæfi hennar var samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: Gerður og Knútur.

Sveitarstjórn óskar eftir álitni skipulagsfulltrúa á útgáfu rekstrarleyfisins og greinargerð um forsögu málsins.

Frestað

13. Fundargerðir fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga bs. - 2210023

Fundargerð 16. fundar fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga bs. sem haldinn var 10. október sl. lögð fram til kynningar. Óskað er eftir staðfestingu sveitarstjórnar á tilnefningu Eyglóar Sófusdóttur í barnaverndarnefnd og Önnu Guðnýjar Baldursdóttur í Náttúruverndarnefnd HNP.

Enginn tók til máls.

Sveitarstjórn staðfestir tilnefningu Eyglóar Sófusdóttur í barnaverndarnefnd og Önnu Guðnýjar Baldursdóttur í Náttúruverndarnefnd. Haustfundur HNP verður haldinn 14. nóvember 2022.

Samþykkt

14. Tilnefning fulltrúa í samstarfsnefnd fyrir friðland í Þjórsárverum - 2210022

Í tölvupósti frá 24. ágúst 2022 er óskað eftir því að sveitarstjórn tilnefni einn aðila í samstarfsnefnd um friðland í Þjórsárverum. Óskað er eftir að sveitarstjórn tilnefni einn karl og eina konu sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Sveitarstjórn tilnefnir Önnu Bragadóttur og Jón Hróa Finnsson í samstarfsnefnd um friðland í Þjórsárverum. Samþykkt

15. Íþróttá- og tómsundaneufnd - 2 - 2209012F

Fundargerð 2. fundar íþróttá- og tómsundaneufndar þann 4. október 2022 var tekin fyrir á 9. fundi sveitarstjórnar þann 20. október 2022 sbr. bókun sveitarstjórnar við hvern dagskrárlið í fundargerðinni.

15.1 2209025 - Íþróttamannvirki í sameinuðu sveitarfélagi

Afgreiðsla íþróttá- og tómsundaneufndar á 2. fundi þann 4.10.2022 var staðfest á 9. fundi sveitarstjórnar þann 20.10.2022.

15.2 2209025 - Íþróttamannvirki í sameinuðu sveitarfélagi

Afgreiðsla íþróttá- og tómsundaneufndar á 2. fundi þann 4.10.2022 var staðfest á 9. fundi sveitarstjórnar þann 20.10.2022.

15.3 2006004 - Nefnd um endurbyggingu sundlaugar: Lokaskýrsla

Afgreiðsla íþróttá- og tómsundaneufndar á 2. fundi þann 4.10.2022 var staðfest á 9. fundi sveitarstjórnar þann 20.10.2022.

15.4 2209054 - Styrkir til menningarmála 2022

Afgreiðsla íþróttá- og tómsundaneufndar á 2. fundi þann 4.10.2022 var staðfest á 9. fundi sveitarstjórnar þann 20.10.2022.

15.5 2209055 - Ráðstöfun sjóðs til uppbyggingar við sundlaug

Afgreiðsla íþróttá- og tómsundaneufndar á 2. fundi þann 4.10.2022 var staðfest á 9. fundi sveitarstjórnar þann 20.10.2022. Sveitarstjórn mun taka málið til afgreiðslu að höfðu samráði við forsvarsfólk söfnunarinnar.

15.6 2209058 - Samningar Þingeyjarsveitar við ungmenna-, íþróttá- og æskulýðs-félög

Afgreiðsla íþróttá- og tómsundaneufndar á 2. fundi þann 4.10.2022 var staðfest á 9. fundi sveitarstjórnar þann 20.10.2022.

15.7 2209056 - Ungmennabing SSNE 2022

Afgreiðsla íþróttá- og tómsundaneufndar á 2. fundi þann 4.10.2022 var staðfest á 9. fundi sveitarstjórnar þann 20.10.2022.

15.8 2205013 - Minnisblað velferðar- og menningarmálanefndar

Afgreiðsla íþróttá- og tómsundaneufndar á 2. fundi þann 4.10.2022 var staðfest á 9. fundi sveitarstjórnar þann 20.10.2022.

16. Umhverfisneufnd - 2 - 2210002F

Fundargerð 2. fundar umhverfisneufndar þann 6. október 2022 var tekin fyrir á 9. fundi sveitarstjórnar þann 20. október 2022 sbr. bókun sveitarstjórnar við hvern dagskrárlið í fundargerðinni. Samþykkt

16.1 2206053 - Umhverfisstefna Þingeyjarsveitar

Afgreiðsla umhverfisnefndar á 2. fundi hennar þann 6.10.2022 var staðfest á 9. fundi sveitarstjórnar þann 20.10.2022.

16.2 2210002 - Umhverfisverðlaun Þingeyjarsveitar

Afgreiðsla umhverfisnefndar á 2. fundi hennar þann 6.10.2022 var staðfest á 9. fundi sveitarstjórnar þann 20.10.2022.

16.3 2206043 - SSNE - Kynning á þátttöku í sameiginlegu verkefni í Hringrásarhagkerfi

Afgreiðsla umhverfisnefndar á 2. fundi hennar þann 6.10.2022 var staðfest á 9. fundi sveitarstjórnar þann 20.10.2022.

16.4 2011001 - Umhverfisfulltrúi

Afgreiðsla umhverfisnefndar á 2. fundi hennar þann 6.10.2022 var staðfest á 9. fundi sveitarstjórnar þann 20.10.2022.

Fundi slitið kl. 14:30

Fundargerð

10. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í Þinghúsinu Breiðumýri, miðvikudaginn 26. október 2022, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Gerður Sigtryggisdóttir, Knútur Emil Jónasson, Eygló Sófúsdóttir, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Jóna Björg Hlöðversdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Eyþór Kári Ingólfsson, Arnór Benónýsson og Jón Hrói Finnsson.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, sveitarstjóri.

Í upphafi fundar tilkynnti oddviti tilkynnti um að Helgi Héðinsson verður í fæðingarorlofi frá 1. nóvember 2022 til 28. febrúar 2023. Arnór Benónýsson tekur sæti hans í sveitarstjórn þann tíma.

Oddviti bar upp tillögur um að eftirtalin mál verði tekin á dagskrá með afbrigðum:

2206070 - Heimild til lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga

2206018 - Kosningar í nefndir, ráð og stjórnir

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka málin á dagskrá.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar 2023-2026 - 2208046

Framhald umræðu um fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar 2023-2026.

Til máls tóku: Arnór og Gerður

Sveitarstjóri fór yfir stöðu vinnu við fjárhagsáætlun og sameiningu fjárhagskerfa. Jón Ari Stefánsson fjármálaráðgjafi frá KPMG fór yfir helstu forsendur fjárhagsáætlunar 2023-2026 og áætlaða rekstarniðurstöðu ársins 2022.

Lagt fram

2. Ráðning í tímabundna stöðu aðstoðarmanns sveitarstjóra - 2210029

Sveitarstjóri óskar eftir heimild sveitarstjórnar til að ráða Magnús Má Þorvaldsson, forstöðumann Íþróttamiðstöðvarinnar á Laugum í stöðu aðstoðarmanns sveitarstjóra til

áramóta til að mæta mannekle á skrifstofum sveitarfélagsins sem stafar af auknum verkefnum í kjölfar sameiningar og veikindaorlofi tveggja lykilstarfsmanna sem ella myndu sinna þeim verkefnum. Gert er ráð fyrir að ráðinn verði starfsmaður í tímabundna afleysingu í stöðu forstöðumanns íþróttamiðstöðvarinnar.

Einnig lögð fram tillaga oddvita um að ráðinn verði sérfræðingur á skrifstofu sveitarfélagsins til að vinna að verkefnum vegna sameiningar. Lagt er til að auglýst verði eftir starfsmanni með framhaldsmenntun í lögfræði, stjórnsýslufræði, viðskiptafræði eða aðra sambærilega menntun sem nýtist í starfi. Áætlaður kostnaður er um 14 m.kr. á ársgrundvelli sem gert er ráð fyrir að fjármagnað verði með sameiningarframlögum.

Til máls tóku: Jón Hrói og Knútur.

Sveitarstjórn samþykkir ofangreindar tillögur samhljóða.

Samþykkt

3. Borgar Þórarinsson - Erindi til sveitarstjórnar - 2210027

Lagt fram erindi Borgars Þórarinssonar varðandi aðkomu að tæknivinnu á hausthátíð Þingeyjarskóla og beiðni um afnot af flygli.

Til máls tók: Knútur og Árni Pétur.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra í samráði við skólustjóra Þingeyjarskóla að kanna samningsgrundvöll varðandi upptökur fyrir sveitarfélagið.

Samþykkt

4. Bygging 60 rýma hjúkrunarheimilis á Húsavík - 2209005

Lögð fram bréf sveitarstjóra Norðurþings til Samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir vegna kostnaðarskiptingar við byggingu hjúkrunarheimilis á Húsavík. Farið er fram á að kostnaðarskipting verði leiðrétt þannig að ríkið beri 85% kostnaðar af byggingunni eins og gert er ráð fyrir lögum um málefni aldraðra og í samkomulagi um byggingu hjúkrunarheimilisins. Jafnframt er tekið fram að sveitarfélögin árétti að leitað verði allra leiða til að lækka byggingarkostnað verulega. Í bréfinu kemur fram að sveitarfélögin hafa rætt sín á milli að segja sig frá tengibyggingunni og láta ríkinu eftir að meta hvort hún verði byggð eða ekki.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar áréttar mikilvægi þess að hjúkrunarheimili verði byggt en tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í bréfi Norðurþings varðandi heildarkostnað og kostnaðarskiptingu. Samþykkt

5. Skipulagsnefnd - 5 - 2209011F

Fundargerð 5. fundar skipulagsnefndar frá 20. október lögð fram til kynningar og, eftir atvikum, til staðfestingar á 10. fundi sveitarstjórnar þann 26.10.2022, sbr. bókun sveitarstjórnar við einstaka dagskrárliði í fundargerðinni.

Knútur fór yfir fundargerðina. Lagt fram

5.1 1905026 - Fjósatunga - deiliskipulag

Afgreiðsla skipulagsnefndar á 5. fundi hennar þann 20.10.2022 var kynnt á 10. fundi sveitarstjórnar þann 26.10.2022.

5.2 2208022 - Syðra Fjall 2 - Umsókn um framkvæmdaleyfi til Skógræktar

Afgreiðsla skipulagsnefndar á 5. fundi hennar þann 20.10.2022 var tekin fyrir á 10. fundi sveitarstjórnar þann 26.10.2022. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að gefa út framkvæmdaleyfi vegna skógræktar að Syðra Fjalli II. Í framkvæmdaleyfinu skal þess gætt

að 15 m fjarlægð verði haldið frá skráðum fornminjum og ekki plantað í vistkerfi sem hefur hátt verndargildi í samræmi við umsögn Náttúruverndarnefndar.

5.3 2210001 - Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010

Afgreiðsla skipulagsnefndar á 5. fundi hennar þann 20.10.2022 var kynnt á 10. fundi sveitarstjórnar þann 26.10.2022.

5.4 2210017 - Stekkur - umsókn um byggingarheimild

Afgreiðsla skipulagsnefndar á 5. fundi hennar þann 20.10.2022 var kynnt á 10. fundi sveitarstjórnar þann 26.10.2022.

5.5 2210024 - Aðalskipulag Skaftárhrepps 2019-2031 - Heildarendurskoðun

Afgreiðsla skipulagsnefndar á 5. fundi hennar þann 20.10.2022 var staðfest á 10. fundi sveitarstjórnar þann 26.10.2022.

5.6 2208021 - Skipulagsnefnd - Önnur mál

Afgreiðsla skipulagsnefndar á 5. fundi hennar þann 20.10.2022 var kynnt á 10. fundi sveitarstjórnar þann 26.10.2022.

6. Kosningar í nefndir, ráð og stjórnir - 2206018

Tekið á dagskrá með samþykki allra fundarmanna.

Helgi Héðinsson fer í fæðingarorlof frá störfum í sveitarstjórn og skipulagsnefnd frá og með 1. nóvember til 28. febrúar 2023 nk. Fulltrúar K-lista leggja til að Sigurður Guðni Böðvarsson taki sæti hans í skipulagsnefnd þann tíma.

Samþykkt samhljóða. Samþykkt

7. Heimild til lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga - 2206070

Tekið á dagskrá með samþykki allra fundarmanna.

Í kjölfar hlutafjárútboðs Lánasjóðs sveitarfélaga sem fram fór miðvikudaginn 19.10.2022 hafa vextir á lánum sjóðsins hækkað. Verðtrygðir útlánavextirir á lánum til 17 ára í flokki LSS39 verða nú 3,05%. Lánsfjárpörf Þingeyjarsveitar á árinu 2022 er áætluð um 300 m.kr.

Til máls tók: Jón Hrói

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 300.000.000 kr. til 17 ára. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Lánið er tekið til að fjármagna framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr.150/2006.

Jafnframt er Jóni Hróa Finnssyni, kt.: 090772-5389, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Þingeyjarsveitar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Samþykkt



Styrkir til lista- og menningarstarfs og íþrótt og æskulýðsstarfs

Styrkir til lista- og menningarstarfs

Íþrótt og tólmstundanevnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2022. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Styrkþegar þurfa að hafa lögheimili í Þingeyjarsveit. Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu. Umsóknum skal skilað á [sérstökum eyðublöðum](#) sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða til Óskar á netfangið okkah@hotmail.com í síðasta lagi 30.nóv. n.k.

Styrkir til íþrótt- og æskulýðsstarfs

Íþrótt og tólmstundanevnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþrótt- og æskulýðsstarfs á árinu 2022. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Styrkþegar þurfa að hafa lögheimili í Þingeyjarsveit. Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu. Umsóknum skal skilað á [sérstökum eyðublöðum](#) sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða til Óskar á netfangið okkah@hotmail.com í síðasta lagi 30.nóv. n.k.

Ath. minnum styrkþega 2021 á að skila inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár.

Íþrótt og tólmstundanevnd Þingeyjarsveitar



Félagsstarf eldri borgara í Þingeyjarsveit

Opin hús fram að áramótum verða á þriðjudögum til skiptis í Stórutjarnaskóla og Þingeyjarskóla eins og hér segir:

Þingeyjarskóli: 8. og 22. nóv. og 6. des.

Stórutjarnaskóli: 15. og 29. nóvember.

Jólagleði og síðasta samvera fyrir jól verður 13. desember, staðsetning auglýst síðar.

Hádegismatur er í boði kl. 13 og kostar 800 kr.

Þeir sem ætla að fá hádegismat þurfa að panta fyrir hádegi á mánudeginum fyrir samverustund

Þingeyjarskóli - 464 3583

Stórutjarnaskóli - 4643222

Boccia hefst kl. 12 í Stórutjarnaskóla þegar samvera er þar, og mun Ásgrímur stjórna af alkunnri snilld.

Eins og vanalega verður ýmislegt til skemmtunar s.s. hljóðfæraleikur, myndasýningar, upplestur og leikir. Félagsvist verður spiluð í sirka þriðja hvert skipti og allar hugmyndir að afþreyingu eru vel þegnar.

Í Mývatnssveit er félagsstarf eldri borgara alla fimmtudaga kl. 13 og hefst með leikfimi hjá Ástu Price í íþróttahúsinu.

Félagsstarfið er í boði fyrir 60 ára og eldri og eru allir hvattir til að mæta.

Hlökkum til að sjá ykkur,
Hanna Magga (863 3381),
Dísa og Svana (898 0463)